



1. Álagning gjalda 2025.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2025.

- a. Álagt útsvar verði 14,97% (óbreytt) vegna launa ársins 2025.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verða eftirfarandi á árinu 2025:
 - i. 0,2714% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - ii. 1,3200% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan er lögbundin og er óbreytt á milli ára).
 - iii. 1,6146% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (sjá % hækkun vegna fasteignamats íbúðarhúsnæði á milli ára).
- c. Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs vegna íbúðarhúsnæðis verður samkvæmt sérstakri gjaldskrá og eru gjöld mismunandi eftir tegundum híbíla.

Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- e. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- f. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2025 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en

eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 30.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2025.

- g. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2025, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

2. Þjónustugjaldskrár 2025.

Samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar Akraness hækka þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar sem byggir m.a. á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og greiningargögnum viðskiptabankanna. Heimilt er með sérstækri ákvörðun að víkja frá hinni almennu hækkun.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar hækki um 5,6% þann 1. janúar 2025 nema annað sé sérstaklega tilgreint í viðkomandi gjaldskrá.

Með vísan til framangreinds samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi gjaldskrár vegna ársins 2024:

1. Gjaldskrá leikskóla, hækkun samkvæmt grunnforsendum, sértæk ákvörðun um hækkun, 3,5% vegna almennrar gjaldtöku. Gert ráð fyrir að gjaldskráin verði endurskoðuð í upphafi nýs árs.
2. Gjaldskrá vegna skólamáltíða í leikskólum, sértæk ákvörðun um hækkun, 3,5% vegna almennrar gjaldtöku.
3. Gjaldskrá frístundar, sértæk ákvörðun um hækkun, 3,5% vegna almennrar gjaldtöku.
4. Gjaldskrá dagstarfs, sértæk ákvörðun um hækkun, 3,5% vegna almennrar gjaldtöku.

5. Gjaldskrá Tónlistarskóla Akraness, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendur, verður útfærð og uppfærð á árinu 2025 vegna haustannar, þ.e. vegna skólaársins 2026.
6. Gjaldskrá Íþróttamannvirkja, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendur (Gjaldskrá Guðlaugar fellur undir gjaldskrá Íþróttamannvirkja en gjaldið í Guðlaugu hækkar um 5,6%).
7. Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu og heimsendingu matar, sértæk ákvörðun um hækkun um umfram grunnforsendur.
8. Gjaldskrá Bókasafns Akraness, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendur.
9. Gjaldskrá Héraðsskjalasafns Akraness, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendur.
10. Gjaldskrá Ljósmyndasafns Akraness, hækkun samkvæmt grunnforsendum fjárhagsáætlunar en breyting vegna einstaka þjónustubátta sem falla út.
11. Gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum, hækkun samkvæmt grunnforsendum fjárhagsáætlunar.
12. Gjaldskrá um hundahald á Akranesi, hækkun samkvæmt grunnforsendum fjárhagsáætlunar og er samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem birt er í Stjórnartíðindum.
13. Gjaldskrá um kattahald á Akranesi, hækkun samkvæmt grunnforsendum fjárhagsáætlunar og er samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem birt er í Stjórnartíðindum.
14. Gjaldskrá Akranesvita, hækkun samkvæmt grunnforsendum fjárhagsáætlunar.
15. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs íbúðarhúsnæðis á Akranesi (sorggjald), sértæk ákvörðun umfram grunnforsendur og er samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem birt er í Stjórnartíðindum sbr. lið 1. c hér að framan.

3. Stjórnmalasamtök á Akranesi 2025.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006 að ráðstafa 2,0 m.kr. til starfsemi stjórnmalaflokka á Akranesi.

Akranesi, 5. desember 2024

F.h. Akraneskaupstaðar

Haraldur Benediktsson,
bæjarstjóri